



Málnr.: 2023-051-S-029

Dags: 22. júlí 2023

Staður: Helguvík

Lýsing: Banaslys, skemmtibát hvolfir með tveimur um borð.

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

---

### **Samantekt:**

Þann 22. júlí 2023 voru tveir menn á sjóstangaveiðum á óskráðum skemmtibát af gerðinni Flipper 515 HT. Bátinum hvolfdi og lentu bátsverjarnir í sjónum. Sökk báturinn í kjölfarið. Sjónarvottur í landi tilkynnti atvikið til neyðarlínu sem virkjaði þegar viðbragðsáætlun. Báðir skipverjar náðust meðvitundarlausir um borð í björgunarskip en annar þeirra var úrskurðaður látinn á sjúkrahúsi. Veður: Logn og sléttur sjór.

*Skipaskr.nr.* Óskráður  
*Tegund* Flipper 515 HT  
*Mesta lengd* 5,15 m  
*Breidd* 2,05 *Dýpt:* 0,5  
*Vél* Utanborðsmótor Mercury SeaPro 90 Hp  
*Fjöldi skipverja* 2



### **Gögn:**

Gögn RNSA

Gögn LHG


Gögn Lögreglan

### **Atvikalýsing:**

Klukkan 19:41 barst Vaktstöð siglinga tilkynning um tvo menn í sjónum u.þ.b. 400 metra utan við Njarðvík. Voru þeir á sundi. Hæsta viðbragð var þegar virkjað og björgunarbáturinn Njörður lagði af stað úr Grófinni í Keflavík kl. 20:03. Klukkan 20:09 komu þeir að mönnunum sem þeir náðu um borð og hófu þegar endurlífgun en þeir voru þá báðir meðvitundarlausir. Annar komst til meðvitundar en endurlífgun á hinum var haldið áfram meðan siglt var til Njarðvíkurhafnar þar sem þyrila Landhelgisgæslunnar TF-GNÁ beið. Var hinum meðvitundarlausu flogið á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi á meðan endurlífgun var haldið áfram. Var hann úrskurðaður látinn á sjúkrahúsinu. Báturinn sökk til botns og var hans leitað af björgunarbátinum Stefni 7747 frá Björgunarsveitinni í Kópavogi, sérsveit Ríkislögreglustjóra og rannsakendum RNSA. Notast var við Vonina KE 10 frá köfunarþjónustu Sigurðar en um borð í henni var neðansjávardróni af gerðinni Chasing M2 pro.

Báturinn fannst undir morgun þann 23. júlí og var fluttur til rannsóknar hjá RNSA.

Yfirborðshiti sjávar í Helguvík þegar slysið átti sér stað var 10-12°C (sjá mynd 1).



**Mynd Error! No text of specified style in**

Við skoðun á bátnum kom í ljós að á honum var 90 hestafla utanborðsmótor af gerðinni Mercury (mynd 2).



**Mynd 2**

Bátar af gerðinni Flipper 515 HT, sem ekki eru skoðunarskyldir, eru að hámarki gerðir fyrir 70 hestafla utanborðsmótora en 90 hestafla Mercury mótor er um 60 kílóum þyngri en 70 hestafla. Þegar báturinn var hífður af hafsbotni var mótorinn í uppréttri stöðu sem líklegast orsakaðist af rafmagnssamslætti í handfangi bátsins. Báturinn var búinn að missa allt rafmagn en þegar hann var tengdur við rafmagn af rannsakendum kom í ljós samsláttur sem lyfti mótornum. Stjórnþæki bátsins voru stjórnborðs megin. Sætunum í bátnum var hægt að snúa aftur og sneri sætið bakborðsmegin aftur en hitt sneri u.þ.b. 90° þegar báturinn var hífður af hafsbotni. Það er í samræmi við frásögn þess sem komst lífs af. Elsneytisgjöfin var í botni (Sjá mynd 3).



Eldsneytisgjöf  
bátsins

**Mynd 3**

Um borð í bátnum voru nokkur björgunarvesti og einn björgunarbúningur.

Sá er komst lífs af var klæddur gallabuxum, í stuttermabol og vinnuskyrtu þar utan yfir auk þess var hann í flíspeysu og úlpu. Hann var í Dunlop gúmmístígvélum.

Hinn látni, sem var stjórnandi bátsins, var klæddur Jobman buxum og bol innundir neoprene vöðlum. Hann var að auki klæddur Kinetic vöðlajakka. Samkvæmt frásögn eftirlifandi bátsverja ætlaði stjórnandi bátsins að færa hann til þegar báturinn fór á botn keyrslu, stefnið lyftist upp og afturendinn tók inn á sig sjó. Við það hentist stjórnandi bátsins fyrir borð en hinn féll frá borði stuttu síðar. Báturinn sökk með skutinn á undan. Mennirnir voru á þeim tíma báðir með meðvitund og gátu kallast á en greindu ekki orðaskil.

Fólk í landi varð vart við mennina í sjónum og gerði neyðarlínu viðvart. Út frá sjónahorni sjónarvotta var hægt að áætla líklegasta staðinn þar sem báturinn sökk.

Áfengi mældist í blóði þess sem komst lífs af en í hinum látna greindist óverulegt magn áfengis.

**Greining:**

Um óskráð sjóför gilda engar settar reglur. Þau eru ekki skoðunarskyld. Það ætti engu að síður ætíð að fylgja leiðbeiningum framleiðanda óskráðra báta um stærð véla. Utanborðsmótorar sem eru hvoru tveggja aflmeiri og þyngri en ráðleggingar framleiðanda mæla fyrir um hafa mikil áhrif á stjórnhæfni báta sem geta auðveldlega lyft sér upp og hvolft. Aukin þyngd á skut slíkra báta eykur afturþunga og þar með stafnhalla báta. Mennirnir voru ekki í björgunarvestum þó að þau væru um borð í bátum.

Vöðlur þyngja menn og gera hreyfingar og sundtök erfiðari auk þess sem erfitt getur verið að afklæðast þeim.

**Niðurstöður:**

Nefndin telur að meginorsök þess að báturinn sökk hafi verið að utanborðsmótor bátsins var aflmeiri og þyngri en ráðleggingar framleiðanda bátsins mæltu fyrir um.

Nefndin vekur athygli á mikilvægi þess að ávallt séu notuð björgunarvesti þegar siglt er á opnum bátum.

**Mikilvæg ábending:**

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til eigenda skemmtibáta að þeir fylgi tækniblöðum um stærð (afl) utanborðsmótora fyrir óskráða skemmtibáta.

*Guðmundur Freyr Úlfarsson*

*Geirprúður Alfreðsdóttir*

*Hilmar Snorrason*

*Jón Finnbjörnsson*

*Pálmi Jónsson*

*Hjörtur Emilsson*